

## Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Skaftárhreppi

1. gr.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Skaftárhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts og holræsagjalds.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir fyrir árið 2022:

Einstaklingar			Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	5.332.684	100%	Allt að	7.110.246	100%
Allt að	5.925.206	75%	Allt að	7.850.896	75%
Allt að	6.517.724	50%	Allt að	8.591.546	50%
Allt að	7.406.506	25%	Allt að	9.480.330	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2020, sbr. álagningu skattstjóra 2021 og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2022. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

3. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Landskrár fasteigna með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteigna eigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra lækkað milli ára geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins 2021 samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

**Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 9. janúar 2012 og taka þegar gildi.**

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri  
Launavísitala, grunnur 1989; Launavísitala des. 2021 806,0 stig.